



Til menntaráðs

Kópavogi, 2. febrúar 2026
24053801/202.00 ABS

Ágrip – Sáttmáli um símafrí í skóla- og frístundastarfi í grunnskólum Kópavogs

Sáttmáli um símafrí í skóla- og frístundastarfi í grunnskólum Kópavogs er lagður fram til samþykktar í menntaráði Kópavogs 3. febrúar 2026.

Sáttmáli um símafrí í grunnskólum Kópavogs er sameiginleg yfirlýsing nemenda, foreldra og starfsfólks um að efla námsfrið, félagslega virkni og vellíðan nemenda.

Sáttmálinn er afrakstur viðtæks samráðsferlis með nemendum, foreldrum, fagfólki og ungmennaráði. Hann felur í sér skýrar verklagsreglur, tímabundnar undantekningar, viðbrögð í neyðartilvikum og áherslu á fræðslu um ábyrga stafræna hegðun. Ábyrgð er sameiginleg og gert ráð fyrir reglulegri endurskoðun.

Virðingarfyllst,

Ingibjörg Ýr Pálmadóttir
Deildarstjóri grunnskóladeildar

Anna Birna Snæbjörnsdóttir
Sviðsstjóri Menntasviðs